



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur 18. desember 2006

Ákvörðun nr. 51/2006

## **Erindi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja vegna útgáfu leiðbeinandi reglna um meðferð fjármuna ófjárráða barna**

### **I. Erindið**

#### **1.**

Með erindi, dags. 27. mars 2006, leituðu Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) til Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirhugaðrar útgáfu reglna um meðferð fjármuna ófjárráða barna. Í erindinu kemur fram að unnið hafi verið að drögum um upplýsingabækling vegna reglna um meðferð slíkra fjármuna. Ætlunin sé að gefa út upplýsingabækling þar sem veitt verði yfirlit yfir þær lagareglur sem í gildi eru um þetta efni. Til efni slíks upplýsingabæklings sé almenn vanþekking á þeim reglum sem í gildi séu og hafi það valdið óþægindum og misskilningi í samskiptum almennings við starfsmenn banka og sparisjóða. Tekið er fram að æskilegt sé að einungis verði gefinn út einn bæklingur um þetta efni þar sem mismunandi framsetning á sama efni sé ekki til þess fallin að eyða óvissu og vanþekkingu á þessu sviði.

Með erindi SBV fylgdu drög fyrirhugaðra reglna. Í drögunum eru þær reglur lögræðisлага, sem hafa með framangreint efni að gera, settar fram með tilteknum hætti. Í drögunum er þó að finna eina reglu sem ekki er að finna í lögum, en þar segir að barn sem sé 11 ára eða yngra geti ekki stofnað bankareikning án samþykkis lögráðamanns. Frá og með 12 ára aldri geti barn hins vegar sjálfst stofnað innlánsreikning með sjálfsaflafé og/eða gjafafé sínu.

### **II. Niðurstöður**

#### **1.**

Í máli þessu liggur fyrir að upplýsingabæklingur sem hér um ræðir yrði gefinn út af SBV. SBV eru félagasamtök banka, lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og hefur félagið m.a. þann tilgang að vera málsvari þessara sömu í hagsmunamálum þeirra, stuðla að samkeppnishæfum starfsskilyrðum íslenskra fjármálafyrirtækja og að taka þátt í erlendu hagsmunasamstarfi aðildarfyrirtækja félagsins.<sup>1</sup> Af þessu leiðir að til skoðunar kemur hvort ofangreind undantekning feli í sér ólöglegt samráð í skilningi 10. gr., sbr. 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005

<sup>1</sup> Sbr. upplýsingar af heimasíðu samtakanna, [www.sbv.is](http://www.sbv.is)



## 2.

Í 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er bann lagt við öllum samningum og samþykktum milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað.

Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Af 12. gr. laganna leiðir að líta ber á brot samtaka fyrirtækja á samkeppnislögum sem sjálfstætt brot enda þótt efnisinntak ákvæðisins komi að einhverju leyti fram í öðrum ákvæðum laganna, t.d. 10. grein þeirra. Í skilningi samkeppnisréttarins er með ákvörðunum samtaka fyrirtækja átt við hvers konar bindandi eða leiðbeinandi ákvarðanir eða tilmæli sem samtökin beina til aðildarfyrirtækja þannig að þau geti haft áhrif á viðskiptahætti félagsmanna. Engar formkröfur eru gerðar til slíkra ákvarðana. Sökum þessa geta margvíslegar aðgerðir samtaka fyrirtækja, s.s. ráðleggingar, upplýsingagjöf eða reglur settar af samtökunum, fallið undir 12. gr. samkeppnislaga ef þessar aðgerðir hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða henni raskað.<sup>2</sup>

Af því sem hér segir er ljóst að umræddur upplýsingabæklingur SBV getur fallið undir 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 10. gr. laganna, að því gefnu að með útgáfu bæklingins sé hvatt til eða stefnt að samkeppnislegri röskun eða að slíkt leiði af útgáfu hans.

## 2.

Líkt og að framan greindir verða samningar að hafa að markmiði að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð, henni raskað eða að slíkt leiði af þeim til að falla undir bannákvæði 12. gr., sbr. 10. gr. laganna. Hvatning til samkeppnishindrana fellur einnig undir 12. gr. laganna. Af erindi SBV verður ráðið að markmið með útgáfu upplýsingabæklinga um meðferð fjármuna ófjárráða barna er að veita yfirlit yfir þær lagareglur sem um meðferð slíkra fjármuna gilda. Telur Samkeppniseftirlitið því ljóst að markmið með útgáfu bæklinga sé ekki að raska samkeppni. Kemur þá til skoðunar hvort slíka röskun leiði með áþreifanlegum hætti af samstarfinu.<sup>3</sup> Við mat á því hvort samstarf fyrirtækja feli í sér röskun á samkeppni er óhjákvæmilegt annað en að skoða aðstæður á þeim markaði eða mörkuðum sem samstarfið hefur áhrif á.

## 3.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Hagfræðileg rök leiða því til þess að

<sup>2</sup> Sjá nánar ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 Ólögmeitt samráð innan Lögmannafélags Íslands varðandi skýringu á 12. gr. samkeppnislaga.

<sup>3</sup> Sbr. dóm undirréttar EB í máli nr. T-374/94 *European Night Services v Commission* [1998] 5 CMLR 718.



skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

### **3.1. Vöru- og þjónustumarkaður**

Með vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.

Umræddar reglur taka til meðferðar fjármuna ófjárráða barna, einkum og sér í lagi þær reglur sem taka til lögráðamanna og ófjárráða barna til að ráðstafa eigin fjármunum. Reglurnar munu settar fram af hálfu SBV og er ætlað að veita yfirlit yfir þær reglur sem í gildi eru um meðferð fjármuna ófjárráða barna í samskiptum þeirra og forráðamanna þeirra við viðskiptabankana. Af ofangreindu leiðir að taka verður til skoðunar áhrif reglnanna á þá markaði sem bankar og sparisjóðir starfa almennt á.<sup>4</sup>

### **3.2. Landfræðilegur markaður**

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru og þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Umræddar reglur muni gilda á landinu öllu. Landfræðilegur markaður þessa máls er því landið allt.

## **4.**

Ljóst er að SBV hyggur á útgáfu upplýsingabæklinga þar sem að mestu koma fram almennar reglur gildandi lögræðislaga nr. 71/1997. Markmið með útgáfu upplýsingabæklinga er að einfalda og samræma þætti í samskiptum fjármálaþjónustugæta og almennings. Með því er stefnt að því að komið sé í veg fyrir óþægindi og misskilning í samskiptum almennings við starfsmenn banka og sparisjóða.

Eina undantekningin, frá því að um almennar lagareglur sé að ræða í upplýsingabæklingi SBV, er sú að SBV hyggst setja reglu um að barn, sem sé 11 ára eða yngri, geti ekki stofnað bankareikning án samþykkis lögráðamanns. Frá og með 12 ára aldri geti barn sjálf stofnað innlánsreikning með sjálfaflafé og/eða gjafafé sínu. Í erindi SBV kemur fram að við ákvörðun þessa aldursmarks hafi verið stuðst við 7. mgr. 51. gr. lögræðislaga þar sem kveðið er á um að gefa skuli barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um ákvörðun um skipun sérstaks fjárhaldsmanns. Telur SBV að af ofangreindu ákvæði megi leiða að við 12 ára aldur megi telja líklegt að börn geti almennt talist hafa þann þroska til að bera sem nauðsynlegur sé til sjálfstæðrar ákvörðunar um ráðstöfun eigin fjármuna.

## **5.**

<sup>4</sup> Um skilgreiningu á mörkuðum í fjármálaþjónustu vísast m.a. til álits samkeppnisráðs nr. 8/2000 *Fyrirhugaður samruni Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf.*



Að mati Samkeppniseftirlitsins er markmið með útgáfu upplýsingabæklings SBV ekki að koma í veg fyrir samkeppni, takmarka hana eða raska henni. Þá fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að útgáfa nefnds upplýsingabæklings feli í sér áþreifanlega röskun á samkeppni á milli viðskiptabankanna um yngstu viðskiptavinina. Þannig mun samkeppni áfram ríkja um þá samkvæmt þeim kostum og kjörum sem hver viðskiptabankanna fyrir sig ákveður. Eina breytingin sem hlýst af reglunum er sú að aðkomu lögráðamanna mun í öllum tilvikum þurfa til stofnunar reikninga og úttekta af þeim fram til 12 ára aldurs.

Í málinu verður að líta til þess að íslenskur bankamarkaður er samanþjappaður fákeppnismarkaður.<sup>5</sup> Samkeppniseftirlitið leggur á það áherslu að almennt þurfi að gjalda varhug við samstarfi keppinauta á markaði af þessum toga. Á slíkum fákeppnismarkaði er nánast hvers konar viðskiptalegt samstarf keppinauta til þess fallið að raska samkeppni, þ.m.t. samstarf innan hagsmunasamta viðkomandi fyrirtækja.<sup>6</sup> Í ljósi hins sérstaka eðli samstarfsins sem mál þetta tekur til er ekki eins og hér stendur á nægjanleg ástæða til að til að gera athugasemdir við það vegna áhrifa þess á samkeppni milli viðskiptabankanna.

Með hliðsjón af því sem hér segir er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna fyrirhugaðrar útgáfu upplýsingabæklings SBV.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til aðgerða í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>5</sup> Sbr. skýrslu norræna samkeppnisyrivalda frá því í ágúst 2006, *Competition in Nordic Retail Banking*.

<sup>6</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v. Commission* [1999] 4 CMLR 810: „As regards the structure of the market, the Court finds that, in 1989, 10 of the undertakings engaged in the Poutrelles Committee monitoring accounted for two-thirds of apparent consumption. Given such an oligopolistic market structure, which can reduce competition ipso facto, it is all the more necessary to protect the decision-making independence of undertakings as well as residual competition.“ Sjá einnig t.d. Ross, *Principles of Antitrust Law*, bls. 189: „[T]he exchange of almost any information can significantly facilitate price agreements in an oligopolistic industry prone to collusion.“